

10.10.2024 12:09:29

Góðan dag,

Innviðaráðuneytið óskar eftir tilnefningum í fagráð um siglingamál, **aðalmann og varamann**. Skipunartími er til og með 9.11.2028

Helstu verkefni ráðsins eru:

- að móta tillögu að öryggisáætlun sjófarenda með Samgöngustofu,
- að vinna að langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, ásamt því að hafa eftirlit með framgangi hennar og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem að henni koma,
- að veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að reglugerðum er varða siglinga- og hafnamál, ásamt EES-gerðum og innleiðingu þeirra,
- að veita umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun hvað varðar málefni siglinga og hafna,
- að stofna vinnuhópa um afmörkuð verkefni sem ráðið ákveður að ráðast í eða ráðherra felur því að vinna,
- að fjalla um önnur mál á sviði siglinga og hafna að ósk ráðherra eða einstakra ráðsmanna.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu.

Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. **Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.**

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu í síðasta lagi 17. október. nk. **Vinsamlega látið kennitölu, heimilis- og netfang fylgja.**

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í fagráðinu.

Fyrir hönd ráðherra,

E.u.

Hrefna Hallgrímsdóttir



Hrefna Hallgrímsdóttir, sérfræðingur

skrifstofa samgangna

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhóls götu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

